

L Ö G

10

25. jan.

um heimilishjálp í viðlögum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Sveitarstjórnnum og sýslunefndum er heimilt að ákveða, að setja skuli á fót í umdæmum þeirra heimilishjálp í viðlögum samkvæmt lögum þessum. Hlutverk hennar er að veita hjálp á heimilum, þegar sannað er með vottorði læknis eða ljósmóður eða á annan hátt, sem aðilar taka gilt, að hjálparinnar sé þörf um stundarsakir vegna sjúkdóma, barnsburðar, slysa, dauðsfalla eða af öðrum ástæðum.

2. gr.

Nú gerir sveitarstjórn eða sýslunefnd samþykkt um, að í umdæmi hennar skuli komið á fót heimilishjálp í viðlögum, og skal þá með sérstakri reglugerð, er félagsmálaráðuneytið staðfestir, kveða nánar á um starfsemi þessa.

3. gr.

Framkvæmd heimilishjálpar má fela sérstakri nefnd, sem sveitarstjórn eða sýslunefnd kýs, og skal að minnsta kosti ein kona, er hefur þekkingu á heimilisstörfum, vera í nefndinni. Heimilt er enn fremur að fela framkvæmd heimilishjálpar sjúkrahús- og kvenfélögum eða sérstakri stofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

4. gr.

Heimilishjálp veitist gegn endurgjaldi samkvæmt gjaldskrá, er sveitarstjórn eða sýslunefnd setur og ráðherra staðfestir. Heimilt er sveitarstjórn eða sýslunefnd að gefa eftir hluta af greiðslu fyrir veitta heimilishjálp eða fella greiðslu alveg niður, þegar efnalítið fólk á í hlut eða aðrar sérstakar ástæður til slíkrar ívilnunar eru fyrir hendi.

5. gr.

Heimilt er sveitarfélögum að gera með sér samning um sameiginlega heimilishjálp í umdæmum sínum.

6. gr.

Á þeim tímum, sem húsmæðraskólarnir starfa, skulu þeir halda uppi kennslu, ef húsrúm og aðrar aðstæður leyfa, til leiðbeiningar konum, sem taka vilja að sér að stunda heimilishjálp samkvæmt lögum þessum. Fer um kostnað við kennslu í þeim greinum á sama hátt og annan rekstrarkostnað húsmæðraskólanna.

7. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir $\frac{1}{3}$ hluta af halla þeim, sem sveitarsjóðir og sýslusjóðir kunna að verða fyrir af starfsemi heimilishjálpar.

- 10 Reikningar skulu árlega sendir félagsmálaráðuneytinu, er þeir hafa verið endur-
25. jan. skoðaðir. Ráðuneytið ákveður endurgreiðslu ríkissjóðs á hluta af rekstrarhalla sveitarfélaganna vegna heimilishjálpar.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

11

29. jan.

L Ö G

um breyting á áfengislögum, nr. 33 9. jan. 1935.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. laga nr. 33 9. jan. 1935 orðist svo:

Þó skal ríkisstjórninni heimilt að leyfa tilbúning öls, sem hefur inni að halda meira en 2¼% af vínanda að rúmmáli, til að selja hinu erlenda varnarliði hér á landi, enda verði tollar og skattar greiddir af því öli eftir sömu reglum og gilda um annað öl, sem framleitt er í landinu. Nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, sölumeðferð, refsingar fyrir brot á þeim fyrirmælum og annað, má setja með reglugerð.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 92 9. júlí 1941.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.